

Stefnumótun í menningarmálum á Vestfjörðum



Tillögur unnar fyrir Fjórðungssamband
Vestfirðinga af Menningarráði Vestfjarða
- Febrúar 2007 -

Efnisyfirlit

1. Inngangur	3
2. Heildarskipulag menningarmála á Vestfjörðum	5
3. Samstarf og samstaða.....	8
4. Stefna í einstökum flokkum menningarmála	9
4.1 Saga, minjar, söfn	9
4.2. Hátíðir, verkefni og viðburðir	11
5. Aðstaða fyrir menningarstarfsemi	12

1. Inngangur

Menningarmál hafa á undanförunum árum fengið aukið vægi í umræðu um byggðamál. Í þingsályktun um stefnumótandi byggðaáætlun fyrir árin 2006-2009 er eitt af meginmarkmiðum að efla menningarstarfssemi:

Áfram verði unnið að gerð menningarsamninga við sveitarfélög. Stuðlað verði að auknu samstarfi safna á landsbyggðinni innbyrðis og við höfuðsöfn. Skoðaðir verði möguleikar þess að nýta nýja tækni, m.a. stafrænt sjónvarp, við gerð og miðlun menningar- og sjónvarpsefnis af landsbyggðinni.

Í tillögum verkefnisstjórnar um byggðaáætlun fyrir Vestfirði sem gefnar voru út árið 2005 er m.a. lögð fram sú tillaga að menningarstarfssemi og menningartengd ferðaþjónusta á Vestfjörðum verði efl. Þar segir: „Stefnt verði að því að sveitarfélög á Vestfjörðum auðgi menningarstarfsemi og leggi áherslu á menningu sem hluta af atvinnu og búsetuskilyrðum á svæðinu.“ Þá er jafnframt nefnt sem markmið að mótuð verði stefna um menningarstarfsemi á Vestfjörðum og að óskað verði eftir samningi við menntamálaráðuneytið á grundvelli hennar.

Drög að menningarsamningi vestfirskra sveitarfélaga hafa legið fyrir frá nóvember 2004. Tilurð samningsins byggir á niðurstöðu starfshóps um menningarmál á landsbyggðinni sem skipaður var af menntamálaráðherra árið 2000. Þar voru sveitarfélög hvött til að móta sér menningarstefnu og lagt til að á grundvelli slíkrar stefnumótunar geti þau samið við menntamálaráðuneytið um fjárhagsgrunn menningarstarfs. Þáverandi menntamálaráðherra lýsti þá þeirri skoðun sinni að hefja ætti samningsgerð við þau landsvæði sem væru hvað fjærst frá höfuðborgarsvæði. Í framhaldi af samþykkt Fjórðungspings Vestfirðinga 2002 vann starfshópur á vegum sveitarfélaga á Vestfjörðum drög að stefnu í menningarmálum og rammamarkmiðum um menningarmál á Vestfjörðum. Samningsdrögin voru síðan samþykkt af sveitarstjórnnum undir lok árs 2004 og send ráðuneytinu í byrjun árs 2005.

Haustið 2005 lauk gerð menningarsamnings við sveitarfélög á Vesturlandi til þriggja ára og einnig lauk endurskoðun menningarsamnings við austfirsk sveitarfélög. Með bréfi til Fjórðungssambandsins Vestfirðinga í júlí sama ár lýsti Menntamálaráðuneytið vilja til að ljúka samningsgerð við Vestfirði en með kröfu um lágmarks hlutdeild sveitarfélaga til starfsemi menningarráðs. Ráðuneytið taldi þá einnig ekki raunhæft að vinna að samningi með framlögum af fjárlögum 2006.

Á Fjórðungspingi Vestfirðinga í september árið 2006 var samþykkt ályktun þar sem stjórn Fjórðungssambandsins var falið að óska eftir tilnefningum í Menningarráð Vestfjarða í samræmi við áður nefnd drög að menningarsamningi. Menningarráðið skyldi hafa það að markmiði að ljúka gerð menningarsamnings fyrir Vestfirði fyrir lok árs 2006. Í kjölfarið var sent út bréf til vestfirskra sveitarfélaga þar sem óskað var eftir tilnefningum þeirra í ráðið í samræmi við greinargerð sem fylgdi ályktuninni.

Skipan ráðsins lá fyrir í október og var hópurinn þannig skipaður: Arnar S. Jónsson fyrir sveitarfélög á Ströndum, Gunnar Hallsson fyrir Bolungarvíkurkaupstað, Ingi Þór Ágústsson og Ólína Þorvarðardóttir fyrir Ísafjarðarbæ, Leifur Ragnar Jónsson fyrir Vesturbyggð, Dagbjört Hjaltadóttir fyrir Súðavíkurhrepp, Óskar Steingrímsson fyrir Reykhólahrepp, Sveinn Valgeirsson fyrir Tálknafjarðarhrepp og Dagný Sveinbjörnsdóttir fyrir hönd Atvinnuþróunarfélags Vestfjarða. Verkefnisstjóri fyrir hönd Fjórðungssambandsins var Albertína Friðbjörg Elíasdóttir.

Af óviðráðanlegum orsökum hóf nýskipað Menningarráð ekki störf fyrr en í desember. Strax í upphafi var ákveðið byggja á þeirri vinnu sem unnin var af fyrri vinnuhóp Fjórðungssambandsins. Var því lögð áhersla á að uppfæra gömlu stefnumótunina í stað þess að byrja alveg frá grunni.

Leitað var eftir upplýsingum frá sveitarfélögum á Vestfjörðum, ráðuneytum og frá Menningarráðum Austurlands og Vesturlands þar sem menningarsamningar eru nú þegar til staðar. Fengust mjög gagnlegar upplýsingar frá báðum landshlutum, einkum hvað varðar fyrirkomulag hagnýtra þátta eins og starfsemi Menningarráðs, menningarsjóðs og aðkomu sveitarfélaga að sjóðnum. Eftir að hafa aflað upplýsinga á þessum stöðum réðst Menningarráðið í það verkefni að endurskoða og uppfæra fyrri stefnumótun, sem og drög að samningum sem einnig lágu fyrir, í samræmi við núverandi stöðu menningarmála á Vestfjörðum.

Í þessari stefnumótunarvinnu sveitarfélaga á Vestfjörðum í menningarmálum sem hér er lögð fram, er ekki farið út í nána útfærslu á málaflokkum og verkefnum. Ástæðan er sú að ekki er talið rétt að binda hendur Menningarráðs í hvert skipti of mikið, heldur fái það svigrúm til að móta stefnuna nánar sem hér er sett. Það verði gert í samvinnu við sveitarfélögin, fagfólk á sviði menningarmála og með tilliti til þeirra verkefna sem sækja um stuðning til Menningarráðsins hverju sinni. Einnig er gert ráð fyrir að Menningarráðið semji úthlutunarreglur fyrir hverja úthlutun þar sem nákvæmari markmið hvers árs eru sett fram.

Þessari stefnu er því ekki ætlað að vera endanleg og óhagganleg heldur skref í átt að aukinni samvinnu hagsmunaaðila og eflingu menningar á Vestfjörðum – verkefni sem stöðugt er í mótun.

2. Heildarskipulag menningarmála á Vestfjörðum

Stefna:

- Sveitarfélög á Vestfjörðum stefna að því að auðga menningarstarfsemi á svæðinu og leggja með því áherslu á að menning sé hluti af atvinnu- og búsetuskilyrðum fjórðungsins.
- Stefnt er að því að líta á Vestfirði sem heild við skipulag og uppbyggingu menningarstarfs eins og mögulegt er vegna samgangna.
- Stefnt er að auknu samstarfi, samnýtingu starfskrafta og að efla gagnkvæmt traust.
- Stefnt er að því að sveitarfélögin veiti auknu fjármagni til málaflokksins og að samningur náist við ríkið um aukið fjármagn til menningarmála.

Markmið:

- Að efla menningarvitund og þekkingu á menningarsögu og menningararfleifð Vestfirðinga.
- Að koma menningarstarfi á Vestfjörðum á framfæri við íbúa svæðisins sem og aðra landsmenn og erlenda aðila.
- Að veita auknu fjármagni til menningarmála á Vestfjörðum.
- Að nýta vel það fjármagn sem lagt er til menningarmála.
- Að leita eftir samstarfi sem víðast m.t.t. samnýtingar og fjölbreytni.
- Að efla samstöðu innan landshlutans.
- Að móta og mynda samstarfsvettvang.

Leiðir:

Sveitarstjórnir viðurkenni menningarmál sem eitt af mikilvægum verkefnum sveitarfélaga og líti á málaflokkinn sem lið í bættum búsetuskilyrðum og atvinnusköpun. Gert verði ráð fyrir menningarmálum í fjárhagsáætlunum og öðrum áætlunum sem tengjast málaflokknum.

Fjórðungssamband Vestfirðinga, fyrir hönd sveitarfélaga á Vestfjörðum, beiti sér fyrir gerð rammisamnings um menningarmál á milli sveitarfélaganna og menntamálaráðuneytisins. Áhersla verði lögð á að öll sveitarfélögin taki þátt í samningnum og gengið verði til samninga við ráðuneytið sem fyrst. Samningurinn verði til a.m.k. þriggja ára og gert verði ráð fyrir að ný verkefni og aukið fjármagn komi til á samningstímanum. Í samningnum verði gert ráð fyrir því að umsamin framlög frá ráðuneytinu renni í menningarsjóð sem úthlutað verði úr af menningarráði.

Mynduð verði þrjú samstarfssvæði um menningarmál á Vestfjörðum:

- **Strandasýsla og Austur-Barðastrandasýsla:** Reykhólahreppur, Árneshreppur, Kaldrananeshreppur, Strandabyggð og Bæjarhreppur.
- **Vestur-Barðastrandasýsla:** Vesturbyggð og Tálknafjarðarhreppur.
- **Ísafjarðarsýslur:** Ísafjarðarbær, Bolungarvíkurkaupstaður og Súðavíkurhreppur.

Með tilliti til þessara samstarfssvæða verði:

- Samstarf skilgreint.
- Lögð áhersla á sameiginlega uppbyggingu menningarstarfsemi eftir því sem aðstæður leyfa.
- Við úthlutun úr Menningarsjóði Vestfjarða (sjá um sjóðinn hér á eftir) verði tekið tillit til jafnræðis svæðanna og heimamenn hafðir með í forgangsröðun þeirra verkefna sem fyrir liggja hverju sinni

Myndað verði Menningarráð Vestfjarða. Menningarráð skal skipað 7 fulltrúum, og jafnmörgum til vara á grundvelli þriggja svæða (sbr. skiptingu hér fyrir ofan). Skipað verði í ráðið á aðalfundi Menningarráðs Vestfjarða til þriggja ára í senn. Fulltrúar skiptast þannig: Einn fulltrúi frá Strandasýslu og Reykhólum, einn fulltrúi frá Vestur-Barðastrandasýslu, einn fulltrúi frá Bolungarvík og Súðavík og tveir fulltrúar frá Ísafjarðarbæ. Auk þess tilnefnir Fjórðungssamband Vestfirðinga tvo fulltrúa.

Helsta verkefni Menningarráðs Vestfjarða er að vera samstarfsvettvangur um menningarmál í fjórðungnum og fylgja eftir þeirri stefnu sem mótuð hefur verið. Ráðið úthlutar fjármagni til menningarverkefna úr Menningarsjóði sem greint er frá í samningi menntamálaráðherra og sveitarfélaga á Vestfjörðum og fjallað er um hér á eftir.

Menningarráð Vestfjarða skal standa að öflugu þróunarstarfi í menningarmálum, leggja áherslu á fagleg vinnubrögð, hvetja til samstarfs og veita metnaðarfullum verkefnum brautargengi. Menningarráðið getur átt samvinnu við hagsmunaaðila að framgangi viðamikilla verkefna á annan hátt en með fjárskuldbindingum. Það verði andlit málaflöksins út á við í fjórðungnum og kynni verksvið sitt og verkefni menningarmála út á við og inn á við.

Menningarráðið skal hafa starfsmann sem sinnir menningarmálum í fjórðungnum í umboði og undir stjórn þess. Gera skal skriflegan ráðningarsamning við starfsmann ráðsins þar sem fram kemur greinargóð starfslýsing sem byggist á skýrslu þessari og nánari útfærslu Menningarráðs.

Kostnaður vegna starfsmanns, svo sem launakostnaður, kostnaður vegna aðstöðu og ferðakostnaður, skal greiddur af því fé sem veitt er til að efna samning þennan og með beinum framlögum sveitarfélaganna á svæðinu. Skulu sveitarfélögin greiða að lágmarki þriðjung kostnaðar vegna starfsemi Menningarráðsins (þ.m.t. skrifstofuhald og laun starfsmanns og kostnað vegna funda) árið 2008 og helming kostnaðar árið 2009. Einnig mætti skoða samstarf við menningarstofnanir á svæðinu um samnýtingu á starfsmanni.

Starfsmaður Menningarráðs skal hafa góða og víðtæka þekkingu á lista- og menningarmálum. Hann skal vinna að eflingu samstarfs innan samstarfssvæða og á milli þeirra, vera tengiliður við þjóðmenningarstofnanir og faglegur ráðgjafi við

menningarstarf í landshlutanum. Starfsmaður skal einnig hafa góða og víðtæka þekkingu á fjármálum, sem mun nýtast vel í starfinu.

Stofnaður verði Menningarsjóður Vestfjarða. Sjóðurinn fái fjármagn frá ríkinu samkvæmt menningarsamningi. Sjóðurinn verði í vörslu Menningarráðsins. Tilgangur sjóðsins er m.a. að veita styrki til sérstakra menningarverkefna og hlúa þannig að frumkvæði, metnaði og uppbyggingu á sviði menningarmála. Einnig getur sjóðurinn veitt styrki til verkefna sem stuðla að samstarfi á sviði menningarmála innan landshlutans. Sjóðurinn getur bæði komið að nýjum verkefnum og að verkefnum sem þegar eru í gangi, en honum er ekki ætlað að standa undir rekstrarkostnaði.

Við úthlutun úr sjóðnum skal hafa til hliðsjónar gæði verkefna, jafnræði samstarfssvæðanna og fjölbreytni menningarstarfs. Skilyrði fyrir úthlutun úr sjóðnum er að viðkomandi umsækjandi sýni fram á mótframlag til verkefnisins. Auglýst verði eftir umsóknum eigi sjaldnar en árlega.

3. Samstarf og samstaða

Stefna:

- Stefnt skal að nánara samstarfi menningarstofnana, áhugafólks, félagasamtaka og sveitarfélaga en nú er.

Markmið:

- Að efla samstöðu svæðanna og kynna menningarviðburði betur á milli svæða en nú er gert.
- Að efla samkennd Vestfirðinga í menningarmálum og stuðla að jákvæðri ímyndarsköpun.
- Að auka samstarf og treysta starfsgrundvöll stofnana, áhugafólks og samtaka á sviði menningar.
- Að auka aðkomu fyrirtækja og einstaklinga að menningarverkefnum.

Leiðir:

Unnið verði skipulega að því að þróa samstarf innan skilgreindra samstarfssvæða og á milli svæða eins og mögulegt er með skipulagningu og kynningu menningarviðburða. Markvisst verði unnið að því að Vestfirðingar verði meðvitaðir um framboð á menningarviðburðum, ekki aðeins í sínu sveitarfélagi, heldur sækji menningarviðburði í auknum mæli á milli svæða.

Gert verði ráð fyrir því að Menningarsjóður geti komið að verkefnum sem efla samstarf og tengsl á Vestfjörðum, hvort sem um er að ræða samvinnu á milli svæða, innan svæðis, á milli ólíkra greina menningarinnar eða innan sömu greina.

Unnið verði að því að auka samstarf í menningarmálum við aðra landshluta, sem og við erlenda aðila.

Lögð verði áhersla á aukna samvinnu safna og menningarstofnana á Vestfjörðum (nánar hér á eftir).

Unnið verði að því að auka aðkomu fyrirtækja og einstaklinga að menningarverkefnum. Starfsmaður Menningarráðs, í samvinnu við aðila í menningarstarfi á Vestfjörðum, vinni að því að auka aðkomu stórra styrktaraðila utan Vestfjarða að menningarmálum á svæðinu.

Komið verði upp aðgengilegri vefsíðu – menningarvef – þar sem finna má upplýsingar um Menningarráð Vestfjarða og starfsemi þess, auk upplýsinga um alla þá er sinna menningarstarfi á svæðinu.

4. Stefna í einstökum flokkum menningarmála

4.1 Saga, minjar, söfn

Stefna:

- Stefnt er að metnaðarfullu samstarfi, jafnt innan Vestfjarða sem utan, milli safna og listastofnana og við þjóðmenningarhús.
- Stefnt er að því að rannsóknir tengdar menningararfi og menningarminjum séu efldar og þær gerðar sýnilegri.
- Að varðveisla menningarminja verði eflad og þær markvisst gerðar sýnilegri.
- Stefnt er að því að menningar- og söguleg sérstaða hvers svæðis fái að njóta sín.

Markmið:

- Að gera söguna sýnilegri.
- Að efla menningarvitund og þekkingu íbúa á eigin menningarverðmætum og – arfleið.
- Að samstarf safna og sýninga innan landshlutans aukist og þeim gert kleift að taka að sér aukin verkefni.
- Að samstarf við þjóðmenningarstofnanir verði aukið og íbúar Vestfjarða hafi greiðari aðgang að því sem þær hafa upp á að bjóða.

Leiðir:

Áfram verði hlúð að þeirri menningarstarfsemi sem fyrir er á Vestfjörðum.

Leitast verði til að auka möguleika á uppbyggingu atvinnutengdrar menningarstarfsemi á svæðinu.

Markvisst verði unnið að því að gera söguna aðgengilegri. Skilgreina þarf menningar-sögulegt gildi og sérkenni svæða sem auðveldar fyrirtækjum, stofnunum og einstaklingum að marka sér stefnu og skilgreina verkefni, t.d. á sviði menningartengdrar ferðaþjónustu. Menningarráðið í samvinnu við sveitarfélög og aðila í menningartengdri ferðaþjónustu, svo sem söfn og sýningar, getur komið að slíkum verkefnum.

Nú þegar hafa verið skilgreind nokkur verkefni á sviði menningartengdrar ferðaþjónustu og uppbygging komin af stað. Gert skal ráð fyrir því að Menningarsjóður geti komið að verkefnum á sviði menningartengdrar ferðaþjónustu, bæði nýjum verkefnum og þeim sem þegar komin af stað.

Söfnum og sýningum, jafnt á vegum ríkis, sveitarfélaga, fyrirtækja, félagasamtaka eða einstaklinga, verði gert kleift að sækja um fé til einstakra verkefna til Menningarráðsins. Mörg söfn hafa metnað og faglega burði til að taka að sér aukin verkefni.

Auknu fé verði varið til endurbóta mannvirkja sem gegna menningarsögulegu hlutverki

og hafa sögulegt gildi. Markvisst skal leita leiða til þess að sveitarfélög og ríki hafi samvinnu um að verja auknu fé til endurbóta slíkra mannvirkja. Styrkir úr Menningarsjóði geta ekki gegnt lykilhlutverki í svo umfangsmiklum verkefnum en gert er ráð fyrir að Menningarráðið geti unnið með hagsmunaaðilum að framgangi slíkra verkefni.

Svæðin vinni markvisst að því að auka samstarf við menningarstofnanir sem eiga að þjóna öllu landinu. Unnið verði að því að gefa íbúum Vestfjarða kost á því að fá til sín viðburði þjóðmenningarstofnana sem flestar eru staðsettar á höfuðborgarsvæðinu.

Aukin áhersla verði lögð á rannsóknir og varðveislu menningarminja. Það verði gert í samstarfi við þær mennta-, rannsókn- og menningarstofnanir sem starfa á svæðinu.

4.2. Hátíðir, verkefni og viðburðir

Stefna:

- Stefnt er að því að gera heimamönnum kleift að sækja fjármagn til Menningarsjóðs Vestfjarða til metnaðarfullra verkefna og viðburða á sviði menningar og lista.
- Stefnt er að því að efla þær menningarhátíðir sem haldnar eru á Vestfjörðum.

Markmið:

- Að styðja við frumkvæði og framtak á sviði menningar sem hópar, samtök og einstaklingar standa fyrir.
- Að efla markvisst þær menningarhátíðir sem haldnar eru á Vestfjörðum.
- Að auka fjölbreytni og gæði menningarstarfs.
- Að stuðla að listauppeldi ungs fólks.
- Að tengja saman menningarviðburði og ferðaþjónustu.
- Að Vestfirðingar á öllum aldri og óháð uppruna fái tækifæri til virkrar þátttöku í menningarlífi.

Leiðir:

Lagt er til að þær bæjar-, menningar- og listahátíðir sem sveitarfélög, einstaklingar og félagasamtök standa fyrir verði eflar og lögð áhersla á að draga fram sögu svæðanna og sérkenni. Haldnar eru hátíðir í flestum sveitarfélögum á Vestfjörðum undir mismunandi formerkjum, en allar eiga þær það sameiginlegt að hafa jákvæð áhrif á mannlífið á staðnum og eru liður í uppbyggingu menningartengdrar ferðaþjónustu.

Nauðsynlegt er að styðja við þá menningarstarfsemi sem fyrir er, jafnframt því að hvetja til nýrra verkefna.

Leitað skal leiða til að efla menningarstarf fólks á öllum aldri og koma á viðburðum og verkefnum sem sérstaklega eru til þess fallin að efla vitund um menningu og gildi hennar.

Leita skal leiða til að hlúa að fjölmennarlegu samfélagi þar sem menning ólíkra hópa fær notið sín og auðga þannig fjölbreytni og sérstöðu menningarlífs á Vestfjörðum.

5. Aðstaða fyrir menningarstarfsemi

Stefna:

- Stefnt er að því að á hverju svæði Vestfjarða verði sköpuð góð aðstaða til fjölþættrar menningarstarfsemi.

Markmið:

- Að bæta aðgengi Vestfirðinga að menningarstarfi.
- Að auka framboð á menningartengdri afþreyingu.
- Að styrkja stoðir menningarhúsa.

Leiðir:

Lögð verði áhersla á að finna félagsheimilum og öðrum menningarhúsum fjölþættara hlutverk og styrkja þannig rekstrargrundvöll þeirra. Bent er á dæmi um hvernig Sævangur við Steingrímsfjörð hefur fengið nýtt hlutverk með tilkomu Sauðfjárseturs og félagsheimilið á Reykhólum hefur fengið aukið hlutverk með því að hýsa hlunnindasýningu og upplýsingamiðstöð yfir sumarið.

Lagt er til að Menningarráð og sveitarfélögin vinni markvisst að því að kanna hvernig gera megi Vestfirði fýsilegri til búsetu fyrir fræða- og listafólk og hugað verði t.d. að aðstöðusköpun fyrir þessa hópa.

Lögð verði áhersla á að í hverju sveitarfélagi verði til húsnæði fyrir menningarviðburði. Hvatt er til þess að ríki og sveitarfélög veiti fjármagni til að endurbæta húsnæði til menningarstarfsemi, þar sem það á við. Einnig mætti kanna forsendur þess að byggja upp svokallaðar menningarmiðstöðvar á Vestfjörðum. Starfssvæði þeirra verði skilgreind á grunni samstarfssvæða um menningarmál, auk þess sem tekið verði tillit til þeirrar uppbyggingar sem nú þegar hefur átt sér stað og áform eru um. Hver þeirra myndi sinna alhliða menningarstarfsemi, en sérhæfa sig jafnframt á ákveðnu menningarsviði.